

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 31/2018****2019/EES/98/31****frá 9. febrúar 2018****um breytingu á XXI. viðauka við EES-samninginn (Hagskýrslugerð)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 frá 11. maí 2016 um samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2016/792 fellir úr gildi reglugerð ráðsins (EB) nr. 2494/95 ⁽²⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 19a (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2494/95) í XXI. viðauka við EES-samninginn:

„32016 R 0792: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/792 frá 11. maí 2016 um samræmdar vísitölur neysluverðs og verðvísitölu húsnæðis og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 (Stjttíð. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Liechtenstein.“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/792, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. febrúar 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 11.⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 257, 27.10.1995, bls. 1.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. febrúar 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.